

Berist til: Regínu Ásvaldsdóttur, bæjarstjóra, Sigríðar Indriðadóttur, forseta bæjarstjórnar og formanns skóla- og frístundaráðs og Ólafs Adolfssonar, formanns bæjarráðs.

Afrit sent til: Skagaforeldra, Haralds F. Gíslasonar, formanns Félags leikskólakennara.

Akranesi, 29. apríl 2015

Ágætu viðtakendur,

Efni: Ráðningar í leikskólum Akraneskaupstaðar

Við undirritaðar, skorum á bæjarstjórn og bæjarráð Akraness að afnema 75% takmörkun á ráðningum fagfólks í leikskólum bæjarins og ráða í allar lausar stöður, einstaklinga með leyfisbréf leikskólakennara.

Í lögum nr. 87 frá 12. júní 2008 er kveðið á um að **lágmarki** 2/3 hlutar starfsfólks leikskóla, skuli vera leikskólakennarar. Bæjarstjórn Akraness hefur túlkað þessi lög á þann veg, að hægt sé að setja hámark á fjölda leikskólakennara í leikskólum sínum.

Við fyrirspurn okkar til Menntamálaráðuneytisins um skilgreiningu á þessari lagagrein, fengum við eftirfarandi svar:

„Þetta nýmæli um mönnun í leikskólum sem var sett í lög 2008, en samkvæmt eldri löggjöf áttu öll stöðugildi við kennslu, umönnun og uppeldi að vera mönnuð leikskólakennurum, felur í sér að sveitarstjórnnum er gert að **tryggja að a.m.k. 2/3 hlutar** stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla séu mönnuð leikskólakennaramenntuðu fólki. Störf leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, störf vegna sérkennslu, afleysinga og ræstinga og störf í eldhúsi eru fyrir utan þessi viðmið.

Ákvæðið felur jafnframt í sér að sveitarfélög eða aðrir rekstraraðilar leikskóla geta fastráðið starfsfólk með annan bakgrunn en leikskólakennaramenntun í allt að 1/3 hluta stöðugilda þeirra sem sjá um kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla. **Sérstaklega er tekið fram í lögskýringum sem fylgdu frumvarpinu að ekkert sé því þó til fyrirstöðu að ákveðið verði að ráða leikskólakennara í þessi stöðugildi. Það er á hendi rekstraraðila að ákveða það þjónustustig, fjölbreytni starfsmannahóps og þau gæði náms sem hann vill að leikskólinn hafi upp á að bjóða, að teknu tilliti til lágmarksviðmiða í lögum og reglugerðum um leikskólastigið.**

Ráðuneytið lítur þannig á að það hafi ekki verið markmið löggjafans að túlka beri 2/3 hlutfalls viðmiðið sem hámark en eins og áður segir þá er gert ráð fyrir að í 1/3 hluta stöðugildanna geti ráðist fólk með fjölbreytta menntun til að þjóna markmiði laga um leikskóla og laga um menntun og ráðningu, þrátt fyrir að þá geti verið um að ræða "ófaglært" starfsfólk í þeim skilningi að ekki er um að ræða starfsfólk með leikskólakennaramenntun.

Hvað varðar kröfur um auglýsingar um lausar stöður í leikskóla þá lítur ráðuneytið svo á að meginregla laganna sé að auglýsa beri opinberlega öll laus störf, í þessu tilviki, störf sem varða kennslu, uppeldi og umönnun barna í leikskólum. Um endurtekna auglýsingu þarf að vera að ræða og ef hún ber ekki árangur **er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, einstakling sem ekki er með leyfisbréf á leikskólastigi** samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnarlaga og hlutaðeigandi kjarasamnings.“

(Sigríður Lára Ásbergsdóttir, deildarstjóri í Menntamálaráðuneytinu, 19.03.2015)

Á engu öðru skólastigi er takmörkun á fagmenntun

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 1.5	Mött. af 610	Mött. dægr. 3.0 APR. 2015
Áb.m. RA	Úrv.aðili ST. A	Afrit RA/STA
Símtal	Tölvup.	Fax HG/SH
Svarfr.	Trún.mál	Fskj. (GG)
Málsnr. One 1504147		

Síðastliðin ár hefur þetta hámark leitt til þess, að stjórnendur leikskólanna auglýsa ekki eftir leikskólakennurum í lausar stöður umfram það.

Með þessu bréfi hvetjum við ykkur til að endurskoða sem allra fyrst þessa ákvörðun og leggja metnað í að leikskólar á Akranesi séu 100% mannaðir af leikskólakennurum.

Fyrir hönd leikskólakennara á Akranesi,

Valdís Sigurðardóttir, stjórn 3.deildar félags leikskólakennara 200977-5729

Kristjana Jóna Jóhannsdóttir, trúnaðarmaður Vallarseli 110571-5939

Ragnheiður Dagný Ragnarsdóttir, trúnaðarmaður Garðaseli 180674-3739

Sigrún Vigdís Gylfadóttir, trúnaðarmaður Akraseli 250172-3469

Þórdís Árný Örnólfsdóttir, trúnaðarmaður Teigaseli 260870-4839